



Borgarstjórn
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Efni: Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 - bókanir frá fundi skóla- og frístundaráðs

Á 124. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 13. september 2017, var lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 6. september 2017, þar sem stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 er vísað til kynningar í fagráðum Reykjavíkurborgar. Jafnframt lögð fram og kynnt tillaga að stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva lagði fram svohljóðandi bókun:


Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva í Reykjavík fagna því að stefna í frístundamálum í Reykjavík til 2025 sé tilbúin og hlakka mikið til að innleiða hana. Ein af kröfum nútímans er að byggja upp skipulagða þjónustu fyrir börn og ungmenni í frítímanum. Þar á að vera vettvangur tólmstunda, menntunar, menningar og uppeldis undir handleiðslu hæfs starfsfólks. Framkvæmdastjórar telja að stefnan muni styrkja enn frekar það góða frístundastarf sem Reykjavík hefur upp á að bjóða. Frístundamiðstöðvarnar fagna auknu hlutverki sínu varðandi að leiðbeina borgarbúum hvernig nýta megi frítímann á uppbyggilegan og jákvæðan hátt. Spennandi tækifæri koma fram í stefnunni sem snúa að bættu frístundastarfi til dæmis aukin samnýting á mannvirkjum, aukin starfsmannafesta með samstarfi við Vinnuskólann í Reykjavík, auknu starfi fyrir börn 10-12 ára, auknu starfi fyrir ungmenni 16-18 ára, auknum stuðningi fyrir börn með fötlun, auknu aðgengi að frístundastarfi fyrir fjölskyldur og fleiri áhugaverðum tækifærum. Framkvæmdastjórar fagna því að nú sé búið að móta reglur um starfssemi frístundamiðstöðvanna. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar fá skýrari ramma utan um sitt starf sitt og samhliða hefur verið unnið að skýrum reglum um hlutverk og gæðakröfur í starfsemi. Spennandi tímar framundan.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það eru mikil tímamót að nú liggi fyrir heildstæð stefna um frístundaþjónustu fyrir borgarbúa allt frá leikskólabörnum til eldri borgara. Stefnan er fjölbreytt og metnaðarfull og leggur áherslu á nokkur meginatriði: virka þátttöku, jafnt aðgengi, forvarnir og lýðheilsu og loks fagmennsku sem rauðan þráð í frístundastarfinu. Leiðarljós Reykjavíkurborgar er að bjóða upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags.

Meirihlutinn leggur áherslu á að um leið og stefnan hefur verið samþykkt í borgarstjórn verði hafin vinna við að móta innleiðingaráætlun með kostnaðarmati þar sem einstökum tillögum verði forgangsraðað og þeim brýnustu hrint í framkvæmd strax á næsta ári.

Virðingarfyllst



Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir
staðgengill sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs